



VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (*)



1. STARFSHEITI, HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

Fjölmiðlatæknir, fjölmiðlatækni

2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS (EN)

Media technician

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

Handhafi

- þekkir hlutverk, tilgang og hugmyndafræðilegar og tæknilegar forsendur fjölmiðla í nútímasamfélagi
- getur túlkað áhrif fjölmiðla á gagnrýninn hátt
- þekkir starfsumhverfi fjölmiðla og mismunandi vinnulag þeirra
- kann notkun helstu tækja í fjölmiðlaumhverfi og þekkir helstu tæknihugtök sem því tengjast
- kann að beita ljósmyndavél við ólíkar aðstæður og vinna ljósmynd til útgáfu og birtingar á ólíkum miðlum
- kann að vinna með myndefni og texta á síðu og þekkir tæknilegar forsendur prentunar og birtingar
- kann að búa til einföld myndbönd og þekkir grunnatriði í upptökutækni og hljóðvinnslu á stafrænu formi
- kann að nota helsta búnað við netmiðlun
- kann helstu aðferðir og vinnubrögð við úrvinnslu efnis fyrir mismunandi fjölmiðla
- kann vinnubrögð verkefnavinnu („project“-vinnu)
- kann grundvallaratriði í viðtalstækni og undirbúningi dagskrárgerðar
- þekkir áhrif mismunandi mynduppbyggingar á merkingu mynda
- kann að hagnýta sér hljóð, tónlist og hljóðhrif í samspili við myndefni og texta
- kann að vinna með texta og prentað fjölmiðlaefni
- kann að ritstýra og ganga frá fjölbreyttu fjölmiðlaefni til notkunar í margmiðlun
- getur unnið fjölþætt verkefni á margmiðlunarformi
- getur unnið út frá afmörkuðu þema fyrir mismunandi miðla
- getur fjallað um eigin hugmyndir og annarra á gagnrýninn hátt

4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Störf fjölmiðlatækna eru fjölbreytt og í eðli sínu þverfagleg. Þeir vinna meðal annars með sérfræðingum á fjölmiðlunum, sjá um uppsetningu og frágang á tækjum og vinna við öflun, frágang og úrvinnslu efnis fyrir birtingu og við útsendingu. Þá vinna þeir með blaðamönnum, fréttamönnum, dagskrárgerðarfólki, dagskrárframleiðendum (pródúsentum), tókumönnum, tæknistjórum, klippurum, almannatenglum, auglýsingateiknurum, grafískum hönnuðum, vefsmiðum og öðrum fagmönnum á sviði fjölmiðlunar og upplýsingatækni.

(*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfun, sjálfbóðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: www.cedefop.eu.int/transparency

© Evrópusambandið 2002

5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.	Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega) Framhaldsskólastig Isced 3	Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
Aðgangur að næsta þrepi menntunar/þjálfunar Viðbótarnám til stúdentsprófs.	Alþjóðlegir samningar
Lagalegur grunnur Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008	

6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

Meðalnámstími er þrjú ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla í fjórar annir, námstími samtals 72 vikur. Vinnustaðanám er samtals 48 vikur.

Inngönguskilyrði

Grunnskólapróf

Viðbótarupplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á:

www.menntamalaraduneyti.is

Upplýsingamiðstöð í landinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, www.menntamalaraduneyti.is